

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 97. gr. reglnanna:

- a. b-liður 1. mgr., um nám til kandiðatsprófs í ljósmóðurfraði, fellur brott og breytist röð þeirra staflíða sem á eftir koma sem því nemur.
- b. Á eftir núverandi e-lið 1. mgr. bætist við nýr staflíður, svohljóðandi: Til *meistaraprófs* í ljósmóðurfraði til starfsréttinda.
- c. Í stað orðanna „hjúkrunar- og ljósmóðurfraði“ í núverandi f-lið 1. mgr. kemur: hjúkrunarfræði.
- d. Á eftir núverandi f-lið 1. mgr. bætist við nýr staflíður, svohljóðandi: Til *doktorsprófs* í ljósmóðurfraði.
- e. 5. mgr. fellur brott.
- f. Í stað tölunnar „55“ í núverandi 6. mgr. kemur: 48.
- g. Á eftir núverandi 6. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi: Meistaránám í ljósmóðurfraði til starfsréttinda er tveggja ára bóklegt nám og starfsþjálfun, 120 einingar, að loknu BS-prófi í hjúkrunarfræði.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. reglnanna:

- a. 5. másl. 8. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðanna „Innritun í ljósmóðurfraði“ í 1. másl. 9. mgr. kemur: Innritun í námsleiðina ljósmóðurfraði til starfsréttinda.

3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 2. nóvember 2018.

Jón Atli Benediktsson.

Dórður Kristinsson.